

byggingarkostnaðar 1482 stig. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubússtjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 620 371,00 kr.

Heimtaugargjöld sumarbústaða, veiðihúsa, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra mannvirkja, sem ekki eru í tengslum við búrekstur greiðast samkv. kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum relglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein (9.2) skulu heimtaugagjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línnum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. mars 1983, sbr. auglýsingu nr. 35/1983 um breytingu á gjaldskrá rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 742, 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 22. febrúar 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir fyrri gjalddaga ársins 1983 hafa verið ákveðin sem hér segir:

| | |
|---|--------------|
| Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í lit | kr. 1 176,00 |
| Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu | kr. 932,00 |
| Hljóðvarpsgjald (þ. e. ef greitt er af hljóðvarpi eingöngu) | kr. 294,00 |

Menntamálaráðuneytið, 23. febrúar 1983.

Ingvar Gíslason.

Árni Gunnarsson.